



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÝÐUSKÓLA

Skólaárið 2018-2019 01.09.2018 1. bréf

Kæru nemendur og foreldrar

Undirrituð er enn starfandi skólastjóri í fjarveru Ólafar Ingu en hún er í tímabundnu leyfi vegna alvarlegra veikinda í fjölskyldu. Skólastarfið er nú komið í fullan gang og fer vel af stað. Kynningarfundur fyrir foreldra eru yfirstaðnir í einhverjum árgöngum en halda áfram og verður lokið fyrir miðjan september. Umsjónarkennarar senda bréf heim um dagsetningar og tíma á fundunum.

Þann 4. september munu allir nemendur skólans hlaupa skólahringinn, einn eða fleiri hringi en hámark 5 hringi. Þetta kallast *Ólympíuhlaup ÍSÍ* en áður gekk sambærilegt hlaup undir heitinu *Norræna skólahlaupið*. Daginn eftir verður sett af stað átakið *Göngum í skólann* en markmiðið með því er að hvetja börnin til að ganga í skólann eða koma á hjóli, þeir sem hafa aldur til þess. Það er bæði hollt og svo er það stór þáttur í umhverfisstefnu Sýðuskóla. Við verðum að taka höndum saman og minnka akstur við skólann á morgnana en það myndast oft mikil umferðarteppa við innkeyrsluna þegar margir bílar eru á ferð. Núna eru framkvæmdir í gangi við innkeyrsluna svo þá er enn mikilvægara að takamarka umferð eins og kostur er.

Við ætlum að halda upp á Dag íslenskrar náttúru þann 14. september. Dagur íslenskrar náttúru er í raun 16. september en þar sem hann ber upp á sunnudag fögnum við honum á föstudegi. Þann 13. september er þemadagur sem við tileinkum lýðheilsu en lýðheilsa er yfirskriftin í Grænfanaverkefningu okkar næstu tvö árin. Á þessum dögum vinnum við með hin ýmsu verkefni tengdum heilsu og kynnumst betur umhverfinu og náttúrunni. Einnig munum við keppa um Náttúrufræðing Sýðuskóla þar sem nemendur úr 2. bekk og eldri keppa um titilinn með því að þekkja plöntur, fugla og staði/landslag á Íslandi.

Þriðjudaginn 18. september er aðalfundur FOKS, foreldra og kennarafélags Sýðuskóla. Mikilvægt er að foreldrar mæti á þennan fund því við berum sameiginlega ábyrgð á menntun barnanna. Þátttaka foreldra er gífurlega mikilvæg til að byggja upp gott skólastarf. Það er nauðsynlegt að við sem stöndum að skólanum lítum á okkur sem eina heild hvort sem við erum nemendur, starfsfólk eða foreldrar. Við þurfum að hafa að leiðarljósi einkunnarorð skólans ábyrgð, virðingu og vináttu og vera samstíga í að byggja upp framsækinn og öflugan skóla þar sem allir eru metnir að verðleikum og líður vel.

Með von um gott samstarf á nýju skólaári

Anna Bergrós



Á döfinni í september:

4. september	Ólympíuhlaup ÍSÍ
5. september	Átakið Göngum í skólann hefst
7. september	Dagur læsis
13. september	Þemadagur
14. september	Dagur íslenskrar náttúru - Náttúrufræðingur Sýðuskóla
18. september	Aðalfundur FOKS Foreldra og kennarafélags Sýðuskóla
20.– 21. sept.	Samræmd próf í 7. bekk: 20. íslenska 21. stærðfræði
27. - 28. sept.	Samræmd próf í 4. bekk: 27. íslenska 28. stærðfræði

September er til-
einkaður

Ábyrgð

Regla mánaðarins er

„Við erum stundvís“

Ný persónuverndarlög

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77 23. maí 2018

Í nýjum lögum um persónuvernd eru gerðar miklar kröfur á fyrirtæki og opinberar stofnanir um meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga. Þessa dagana er markvisst unnið að því að meta öryggismál, innleiða verkferla og bæta vinnubrögð við meðferð og geymslu gagna. Margt á eftir að skýra betur en hér er getið nokkurra atriða sem gott er að foreldrar viti til að byrja með.

Allar viðkvæmar persónuupplýsingar sem unnið er með í skólanum verða geymdar í læstum skjalaskáp sem geymdur er í læstu rými í stjórnunarálmum skólans. Skólastjóri (ásamt helstu samstarfsmönnum) stýrir aðgangi að þessu rými. Skráningar í rafræn upplýsingakerfi, t.d. Mentor, verða takmarkaðar hvað varðar efni sem hingað til hefur verið skráð í Dagbók. Þar hafa verið færslur um ýmiss konar vanda, svo sem hegðun og vinnubrögð. Núna verður sett inn dagsetning á símtali, pósti, fundi o.s.frv. og einungis nefnt hvernig mál var um að ræða. Ef þörf er að eiga nánari lýsingu verður hún prentuð á blað sem sett verður í einstaklingsmöppu nemanda en ekki geymd í rafrænu formi (verður t.d. eytt strax úr tölvunni sem notuð var til að skrá blaðið sem prentað var).

Reikna má með að skráningum fækki en símtölum fjölgi þegar dregið verður úr rafrænum samskiptum. Í erfiðum málum, þar sem t.d. getur verið ágreiningur milli foreldra og starfsmanna, mun verða kallað til fundar svo fljótt sem auðið er.

Upplýsingar frá fundum um nemenda, t.d. teymisfundum verða geymdar í persónumöppu viðkomandi nemanda og geymt í skjalaskáp. Hið sama gildir um greiningar, upplýsingar til sérfræðinga (starfsmanna fræðsluviðs, sálfræðinga, talmeinafræðinga) o.fl. Upplýsingar um námsmat eru geymdar í Mentor og stundum í persónumöppu. Upplýsingar um heilsu, ofnæmi og slíkt verða geymdar hjá skólahjúkrunarfræðingi og stundum í persónumöppu. Upplýsingar um ofnæmi af ýmsu tagi eru ennfremur hjá starfsmönnum sem á þurfa að halda en foreldrar skrifa undir yfirlýsingu um að upplýsa megi starfsmenn um heilsufar barna ef svo ber undir. Það á einnig við um lyfjagjöf á skólatíma.

Allir foreldrar verða að gæta þagmælsku varðandi upplýsingar sem þeir sjá eða heyra og tengjast öðrum börnum en þeirra eigin. Þetta á ekki síst við þegar foreldrar koma í heimsókn í skólann. Óskað er eftir að foreldrar láti vita af öllum heimsóknum í skólann, komi við á skrifstofu og/eða ræði við kennara/stjórnanda um ferðir sínar. Við reiknum með að í foreldraviðtölum í haust verði eyðublöð til undirritunar þagnar- og trúnaðarskyldu.

Útbúið hefur verið eyðublað sem allir sem koma í skólann þurfa að undirrita. Er þá átt við foreldra, sérfræðinga, fyrirlesara, iðnaðarmenn og fleiri sem einhverja hluta vegna eiga erindi í skólann. Á eyðublaðinu er ítrekuð trúnaðarskylda varðandi öll einstaklingsmál sem viðkomandi kunna að fá vitneskju um eða verða vitni að fyrir tilviljun.

Starfsmenn skólans munu fara útaf Facebook síðum sem foreldrar bekkja eða árganga eru með. Leyfilegt er að birta myndir úr skólastarfinu á heimasíðu en flestir foreldrar hafa ritað undir samþykki þess efnis. Miðað er við að ekki séu birtar myndir af einstaklingum þar sem þeir eru nafngreindir. Myndir af einstaklingum mega vera í rafrænni nemendaskrá (Mentor). Á haustdögum verða reglur um meðferð upplýsinga og fleira tengt þessu máli settar á heimasíðu skólans.

Reglur um símanotkun nemenda

Umræða um símanotkun er alltaf í gangi og sitt sýnist hverjum. Sumir vilja alfarið banna síma í skólum meðan aðrir hafa þá skoðun og leyfa eigi þá og hafa reglur um notkun skýrar. Nemendur í 7. bekk og yngri nota ekki síma í skólanum nema með sérstöku leyfi kennara og það er á ábyrgð og ákvörðun foreldra hvort nemendur fara með símann í skólann. Á unglingastigi eru reglur um notkun símanna skýrar og eru í gildi þar til annað verður ákveðið. Nemendur og foreldrar skrifa undir símasáttmála í foreldraviðtölum í október.

Hingað til höfum við ekki bannað notkun síma í frímínútum en gætum þurft að endurskoða það. Upp hafa komið mál varðandi misnotkun á sínum. Það eru aðallega myndatökur sem geta verið viðkvæmar því stundum misstíga menn sig og gera grín með harkalegum hætti og gera lítið úr öðrum, jafnvel leggja í einelti. Myndatökur nemenda í skólanum eru alfarið bannaðar nema um sé að ræða sérstök verkefni undir stjórn kennara. Þær eru eins og gefur að skilja afar viðkvæmar í búningasklefum íþróttahúss og sundlauga. Þær verður að fyrirbyggja, hvað sem það kostar. Á næstu síðu má sjá sáttmála sem nemendur undirrita ef þeir nota síma á skólatíma.

Sektir við brotum á persónuverndarlögunum geta orðið mjög háar og því mikilvægt að allir vandi sig og komi í veg fyrir að misfarið sé með upplýsingar.

Samkomulag um farsíma-og snjalltækjanotkun í Síðuskóla, 1.-7. bekkur

Ef foreldrar telja *nauðsynlegt* að nemendur komi með tækin í skólann þá eiga þau að vera ofan í tösku og slökkt á þeim þar til skólatíma lýkur.

Í einstaka tilfellum geta kennarar gefið leyfi fyrir notkun tækja/síma t.d. ef vinna á sérstakt verkefni þar sem nemendur þurfa að nota símann/tækið.

Þegar ekki er farið eftir þessum reglum þá afhendir nemandi starfsmanni skólans tækið. Nemandi getur sótt það á skrifstofu að loknum skóladegi. Atvikið skal skrá í Mentor og senda tilkynningu á foreldra. *Ef nemandi neitar að afhenda tækið er honum vísað til stjórnanda. Stjórnandi hefur samband heim og óskar eftir því að foreldri komi í skólann og sæki tækið.*

Samkomulag um farsíma-og snjalltækjanotkun í Síðuskóla, 8.-10. bekkur

Við erum sammála um að það megi koma með farsíma og snjalltæki í skólann en í kennslustundum eiga þau að vera ofan í tösku og slökkt á þeim, bæði hljóði og titringi. Kennari getur gefið leyfi ef nota á tækin í tengslum við námið.

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á tækjum í persónulegri eigu sem þeir koma með í skólann.

Við erum sammála um að í matsal (í matartíma) eru símar og snjalltæki ekki í notkun og ekki uppi á borði.

Við erum sammála um að símar og snjalltæki er hægt að nota til afþreyingar í frímínútum og eftir matartíma einungis á B-gangi.

Það er með öllu óheimilt að taka upp hljóð, myndir eða myndbönd á tækin nema með leyfi starfsmanns.

Við erum sammála um að þegar ekki er farið eftir þessu samkomulagi þá afhendir nemandi starfsmanni skólans tækið. Nemandi getur sótt það á skrifstofu skólans að loknum skóladegi. Atvikið skal skrá í Mentor og senda tilkynningu á foreldra. *Ef nemandi neitar að afhenda tækið er honum vísað til stjórnanda. Stjórnandi hefur þá samband heim og óskar eftir því að foreldri komi í skólann og sæki tækið.*



Nokkur hagnýt atriði í upphafi skólárs

Eyðublað fyrir leyfisbeiðnir á heimasíðu

Á heimasíðu Síðuskóla er nýtt eyðublað sem foreldrar eiga að nota þegar þeir óska eftir leyfi í þrjá daga eða meira. Eyðublaðið er undir “Beiðni um leyfi” á forsiðunni. Staðfesting á veittu leyfi er send með tölvupósti. Við biðjum foreldra vinsamlegast að sækja tímanlega um lengri leyfi til að auðvelda skipulag og upplýsingaöflun umsjónarkennara. Ástæða er til að ítreka mikilvægi þess að foreldrar fylgi eftir lagalegum skyldum sínum um ábyrgð á námi þann tíma sem börn þeirra eru fjarverandi.

Viðvera hjúkrunarfræðings

Lena Margrét Kristjánsdóttir er skólahjúkrunarfræðingur skólans. Hún er með viðveru sem hér segir:

Mán.: 8—14

Mið.: 8—14

Þri.: 8—14

Fim.: 8—14

Hægt er að ná í Lenu með því að hringja í aðalnúmer skólans, 462—2588.

Þemadagur — Súlur

Fimmtudaginn 13. september er þemadagur sem tileinkaður er lýðheilsu. Dagskrá verður í og við skólann þar sem nemendur fara á milli stöðva og vinna hin ýmsu verkefni. Blandað er í námshópa þvert á aldur. Við ætlum að bjóða nemendum í 5. bekk og eldri að ganga á Súlur í fylgd starfsmanna ef þeir vilja það frekar. Þá þurfa foreldrar og keyra þá á bílastæðið við Súlur og sækja að lokinni göngu. Foreldrar þeirra sem kjósa Súlugönguna verða látnir vita og þurfa að staðfesta að þetta með aksturinn gangi upp. Sjálfsagt er að sameinast í bíla. Föstudaginn 14. september er hefðbundinn umhverfisdagur í Síðuskóla og þá fer hver árgangur með starfsfólki í skipulagða vettvangsferð. Mikilvægt er að vera klæddur eftir veðri.

Skrifstofa skólans — opnunartími

Skrifstofa Síðuskóla er opin sem hér segir:

Mánudaga - föstudaga: 07:45 - 16:00. Sími skólans er 462-2588, netfang: siduskoli@akureyri.is

Beinn sími í Frístund: 461-3473. Við viljum minna foreldra á að tilkynna veikindi fyrir kl. 8:00, en einnig er hægt að tilkynna veikindi á Mentor. **Vinsamlegast uppfærið upplýsingar á nemendaspjaldi í Mentor ef breytingar hafa orðið s.s. á heimilisfangi, netfangi eða símanúmeri.**

Göngum í skólann

Notum virkan ferðamáta!



Aðalfundur FOKS 18. september kl. 20:00.

Kæru foreldrar og forráðamenn barna í Síðuskóla.

Þann 18. september nk., mun foreldra- og kennarafélag Síðuskóla halda aðalfund sinn í sal Síðuskóla. Hefst fundurinn klukkan 20:00.

Efni fundarins er eftirfarandi:

Dagskrá aðalfundar:


1. Skipan fundarstjóra
2. Skipan fundarritara
3. Skýrsla stjórnar síðasta starfsárs
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram
5. Kosningar
 - Það vantar 2 aðila í stjórn
6. Lagabreytingar
7. Önnur mál
8. Kynning frá Frístundadeild Akureyrar
 - Ólafía Guðmundsdóttir og Arnar Geir Halldórsson fara yfir hvaða tómstundir eru í boði fyrir börnin.

Við hvetjum alla foreldra og forráðamenn til að mæta.

Stjórn FOKS.

Upphaf skólaárs

Margt skemmtilegt hefur verið gert núna fyrstu daga skólaársins. Hér að neðan, og annars staðar í Fréttabréfinu má sjá smá myndir úr skólasterfinu fyrstu vikuna.



MATSEÐILL - september 2018

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
3. Hakk og spaghetí, brauð og grænmeti	4. Fiskibollur, hrísgrjón, karrý og ávextir	5. Svínasnitsel, kartöflur, smjör og salatbar	6. Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón, köld sósa og grænmeti	7. Sveppasúpa, brauð og ávextir
10. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð og ávextir	11. Dönsk hakkbuff, kartöflur, brún sósa og grænmeti	12. Gratíneraður fiskur, hrísgrjón, köld sósa og ávaxtabar	13. Vanilluskýr, brauð og álegg	14. Steiktur kjúklingur, franskur, kokteilsósa og grænmeti
17. Fiskur í raspi, kartöflur, lauksmjör og ávextir	18. Lasagne, snittubrauð og salatbar	19. Óskadagur 3.bekk	20. Lambapottréttur, kartöflur og grænmeti	21. Kjúklingapasta, sósa og grænmeti
24. Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón, köld sósa og grænmeti	25. Slátur, katröflustappa og grænmeti	26. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð og ávextir	27. Grænmetisbuff, hrísgrjón, köld sósa og salatbar	28. Mjólkurgrautur og slátur